

## GJALDSKRÁ

### byggingarfulltrúa Fjallabyggðar.

#### 1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppdráttu og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í umdæmi Fjallabyggðar, skal byggingarfulltrúinn í Fjallabyggð í umboði bæjarstjórnar innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

##### *Byggingarleyfisgjöld.*

Gjöldin miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Innifalið er byggingarleyfi, útmæling og hæðarsetning, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, foheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt.

<i>Tegund byggingar</i>	<i>kr./m<sup>3</sup></i>	<i>Athugasemdir</i>
A Íbúðarhúsnæði	106	Gjald þó ekki lægra en kr. 99.400
B Iðnaðarhúsnæði	106	Gjald þó ekki lægra en kr. 131.500
C Verslun og þjónusta	106	Gjald þó ekki lægra en kr. 131.500
D Sérhæfðar byggingar	106	Gjald þó ekki lægra en kr. 163.100
E Frístundahús	106	Gjald þó ekki lægra en kr. 81.300
F Aðrar byggingar en tilgreindar í liðum A-E	106	Gjald þó ekki lægra en kr. 81.300
G Stækkun húsnæðis/viðbyggingar o.þ.h.	106	Gjald þó ekki lægra en kr. 50.600
H Niðurrif húsa	0	Fast gjald kr. 9.000
I Endurnýjun eldra byggingarleyfis	0	Fast gjald kr. 9.000
J Umsýslugjald vegna minni grenndarkynningar	0	Fast gjald kr. 21.000
K Umsýslugjald vegna stærri grenndarkynningar	0	Fast gjald kr. 73.600

#### 3. gr.

Rúmmetragjald samkvæmt 2. gr. skal reikna af brúttórúmmáli, sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og C rýma. Rúmmetra skal námunda í heilan rúmmetra samkvæmt almennum reiknireglum.

#### 4. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 5. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar. Gjalddagi rúmmetragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

#### 6. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi.

#### 7. gr.

Fyrir þjónustu sem veitt er af hálfu byggingarfulltrúa í umdæmi Fjallabyggðar, skal byggingarfulltrúinn í Fjallabyggð í umboði bæjarstjórnar innheimta þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 8. gr.

##### *Afgreiðslu- og þjónustugjöld.*

Fyrir ýmsa þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir greiðast eftirfarandi gjöld:

<i>Tegund þjónustu:</i>	<i>Gjald kr.:</i>
1. Afgreiðslugjald, fast gjald á aðra liði en um getur í 2. og 8. gr. Gjaldið greiðist fyrir hverja einstaka afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar.	2.200

2.	Stöðuleyfi, árgjald sem greiðist einu sinni á ári	
a)	Hjólhýsi o.þ.h.	26.300
b)	Gámar:	
	Upp að 20 fetum að stærð	26.300
	40 fet að stærð	52.600
3.	Lóðarúthlutunargjald, óendurkræft þó lóðinni sé skilað til sveitarfélagsins	21.700
4.	Eignaskiptalýsingar, hver umfjöllun	9.000
5.	Vottorð vegna vínveitingaleyfa	9.000
6.	Fyrir húsaleiguúttekt	9.000
7.	Fyrir úttekt á verkstöðu vegna lánveitingar	9.000
8.	Útrentun á A2	220
9.	Útrentun á A3	110
10.	Útrentun á A4	60
11.	Nýr lóðarleigusamningur	45.200
12.	Endurnýjun lóðarleigusamnings	17.800
13.	Breytingar á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	17.800
14.	Endurskoðun aðaluppdráttar	15.800
15.	Minniháttar breytingar á innra skipulagi og útliti húsa	16.600
16.	Framkvæmdaleyfi	63.100
17.	Endurnýjun leyfis án breytinga	11.800
18.	Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi	Viðkomandi
		hagsmunaaðili sjái um
		breytingar á sinn kostnað

## 9. gr.

Gjaldskrá þessa skal bæjarstjórn taka til endurskoðunar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

## 10. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Fjallabyggðar með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 ásamt 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 33/2015 um byggingarleyfis- og þjónustugjöld byggingarfulltrúa Fjallabyggðar.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar þann 2. nóvember 2016.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 18. nóvember 2016.

*Fjallabyggð, 15. desember 2016.*

**Gunnar Ingi Birgisson** bæjarstjóri.